FJÖR HEIMAR

FRELSI - FJÖR - FRÍTÍMI

88 HÚSIÐ

FFGÍR

Foreldrafélög og Foreldraráð Grunnskólanna í Reykjanesbæ

SAMTAKA- Hópurinn







Þessar myndir voru teknar umrædda nótt. Á þeirri að ofan sjást unglingarnir gera aðsúg að lögreglubílnum og hindra handtöku unglinga. Á efri myndinni t.h. er einn kominn inn í kaupfélagið og lögreglumaður kemur aðvífandi. Verslunarglugginn í Róm sést á hinni myndinni og er þarna búið að hirða töluvert úr glugganum. Ljósm.: hbb

MIKIL UMRÆÐA UM „MIÐBÆJARVANDAMÁLIÐ" Í BÆJARSTJÓRN KEFLAVÍKUR:

# ALVARLEGT VANDAMÁL

Víkurfréttir - Fimmtudaginn 17. nóvember 1988

**„Bæjarstjórn Keflavíkur samþykkir að skipa þriggja manna nefnd sem leiti lausna vegna þeirra vandamála sem skapast hafa að undanförnu í miðbæ Keflavíkur m.a. vegna unglinga."**

Svona hljóðaði tillaga sem borin var upp í bæjarstjórn Keflavíkur á þriðjudag af þeim Drífu Sigfúsdóttur og Þorsteini Árnasyni. Var samþykkt að vísa tillögu þessari til bæjarráðs.

Urðu miklar umræður á fundinum um vandamál þau sem sagt er frá annars staðar í blaðinu. Hóf Drífa umræðu þessa og sagði m.a. að síðasta helgi hefði verið sú fjórða í röðinni þar sem rúður voru brotnar í Kwikk. Þá hefði nú verið brotist inn í Róm og hlutir úr búðinni notaðir sem „frisbeediskar".

Aðsúgur hefði verið gerður að lögreglu. Þá væri meira um vopnaburð meðal unglinga s.s. hnífar, hnúajárn o.fl. Væru síbrotaunglingar þarna til mikilla vandræða, en þessir krakkar væru þó lítill hluti af þeim sem safnast þarna saman. Taldi hún nauðsyn á því að hafa samvinnu við fjölmiðla á staðnum, auk foreldra, um málið. Einnig ætti fólk að skoða vandamálið með eigin augum einn góðan veðurdag. Þá sagði hún líka vera vandamál hve hraðakstur væri mikill á Hafnargötunni og því þörf á að gera hana að einstefnuakstursgötu.

Hannes Einarsson tók undir orð Drífu og sagði ástandið ágerast. Þarna væru einnig á ferðinni unglingar úr nágrannabyggðarlögunum og því þyrfti að leita samstarfs við þá um lausn máls.

Jónína Guðmundsdóttir tók í sama streng. Benti hún m.a. á að 9. bekkur hefði verið slæmur í fyrra. Sama var með Guðfinn Sigurvinsson sem sagðist vera tilbúinn að ræða við krakkana en hann sagðist þó ekki skilja löggæsluna í bænum.

Vilhjálmur Ketilsson spurði hvaða aldur væri um að ræða og hér þyrfti samvinnu milli lögreglu og skólayfirvalda. En taka verði á hlutunum. Síðan tók Drífa aftur til máls og loks Anna Margrét Guðmundsdóttir sem taldi umræðuna eiga fullan rétt á sér.

## Fjórir unglingar handteknir

Víkurfréttir - Fimmtudaginn 17. nóvember 1988

Síðasta föstudagskvöld urðu mikil læti í miðbæ Keflavíkur og stóðu þau yfir frá því um miðnætti og fram eftir nóttu. Hófust þau með því að rúðan var rúða í gjafavöruversluninni Róm og vörum úr glugganum tvístrað meðal viðstaddra. Eftir að lögreglan kom á staðinn var gerð alvarleg árás að henni og hlutu nokkrir lögreglumannanna pústra svo og rifin föt eða slitin bindi. Fjórir unglingar voru fluttir á lögreglustöðina, þar af hlutu tveir gistingu í fangageymslum.

FJÖR HEIMAR

88 HÚSIÐ

FFGÍR
Foreldrafélög og Foreldraráð Grunnskólanna í Reykjanesbæ

SAMTAKA- Hópurinn

Róstursamt í miðbænum:

# Atlaga gerð að lögreglunni

Víkurfréttir • Fimmtudagur 17. nóvember 1988

**Lögreglan í Keflavík átti mjög annasama nótt aðfaranótt laugardagsins m.a. vegna óláta í miðbæ Keflavíkur þá nótt og fyrr um kvöldið. Kom m.a. til átaka milli lögreglumanna og unglinga er brotin hafði verið rúða í versluninni Róm.**

Þar var lögreglan hindruð í starfi og atlaga gerð að lögregluþjónum við störf sín. Rifnaði jakki eins lögreglumannsins og bindi slitnaði hjá öðrum en báðir hlutu þeir einhver meiðsli í átökum þessum.

Sem betur fer eru ekki allir þeir unglingar sem safnast saman í miðbænum um helgar til vandræða, en þeim mun meira ber á þeim sem taka þátt í ólátum þessum. Hafa rúðubrot í verslunum á svæðinu oft á tíðum verið óaðskiljanlegur þáttur í máli þessu, sem er miður. Þá var nú farið inn í brunarústir Kaupfélagsins og náð í verslunargrindur og þær fylltar af öldósum sem síðan var dreift meðal unglinganna.

En hvað vill lögreglan gera í máli þessu? Gefum Karli Hermannssyni, aðstoðaryfirlögregluþjóni, orðið:



„Það alvarlegasta í þessu er að menn skuli veitast að lögreglunni við sín skyldustörf eins og þarna átti sér stað. Hér er á ferðinni vandamál sem þarf að finna lausn á. Teldi ég t.d. það vera til bóta ef breið samstaða næðist meðal lögregluyfirvalda, bæjaryfirvalda og skólamanna um málið. Þessir aðilar þyrftu að aðstoða okkur við að finna lausn á því.

Þá gæti það líka verið lausn að draga úr umferðarþunga um Hafnargötuna m.a. með því að gera hana að einstefnuakstursgötu eða jafnvel loka henni á kafla."

FJÖR HEIMAR

88 HÚSIÐ

FFGÍR
Foreldrafélög og Foreldraráð Grunnskólanna í Reykjanesbæ

SAMTAKA- Hópurinn



# Á RÚNTINUM

Víkurfréttir - Fimmtudagur 7. júlí 1988

Á morgun er föstudagur. Upp úr klukkan ellefu annað kvöld fara unglingarnir að tínast á Hafnargötuna í Keflavík, á rúntinn eins og flestir kalla það. Unglingarnir fóru líka á rúntinn síðasta föstudag. Það fóru fleiri á „Hafnargöturöltið" um síðustu helgi, því ljósmyndari Víkurfrétta, Hilmar Bragi, gerði sér lítið fyrir og dvaldi þar næturlangt (og græddi næturyinnulaun, hálsbólgu og kvef á öllu saman).

Það er föstudagskvöldið 1. júlí. Klukkan var hálf tíu þegar ljósmyndari Víkurfrétta lagði af stað á rúntinn. Hefði svo sem mátt vita það, ekki nokkurn að sjá, einungis tvær stelpur að hita upp fyrir kvöldið á tröppunum við Stapafell. Það var lítið annað við því að gera en að fara heim og leggja sig í „hænu" áður en tekið skildi til leiks við rúntinn. Þegar komið var til leiks að nýju, var bílnum lagt á þægilegum stað, myndavélin og taskan hengd um hálsinn og segulbandið sett í vasann, þar sem það fékk víst að hvíla mest alla nóttina. Jakkanum rennt upp og lagt af stað.

Aðstæður til myndatöku voru ekki hinar bestu í upphafi ferðarinnar. Sólin var að setjast í vestri og ætlaði að blinda allt og alla er þurftu að horfa eða fara niður Hafnargötuna. Þrátt fyrir að kuldi væri úti, lét kvenþjóðin það ekki á sig fá og voru þó nokkrar í pilsum eða stuttbuxum (kannski að reyna að ganga í augun á strákunum, hver veit?). Hvað sem öllum pilsum líður, þá hafði fjölgað mikið á rúntinum frá því fyrr um kvöldið og því miður voru ansi margir búnir að fá sér sopa af „vökvanum úr mjólkurbúðinni."

**– En hvað eru krakkarnir að gera á Hafnargöturúntinum? Víkurfréttir tóku tali þau Jón Axelsson og Matthildi Finnbogadóttur:**

„Við ætlum ekki að dvelja lengi hérna núna. Við erum bara rétt aðeins að kíkja. Það vantar einhvern stað fyrir unglinga, þar sem þeir geta verið á og komið saman. Maður er búinn að fá leið á þessum stað. Við erum orðin þreytt á að ganga hér upp og niður hverja einustu helgi. Þetta er þó í lagi í kvöld, því veðrið er með besta móti," sögðu þau Jón og Matthildur.

**– En er ekki hægt að breyta rúntinum og færa hann til í Keflavík?**

„Nei, það er ekki hægt. Það eru búðirnar hérna og stemmningin við þetta. Það er hægt að setjast hérna niður. Hafnargatan hefur svona vissan Laugarvegssjarma yfir sér," sögðu þau og voru rokin út á leið á nýjan leik.

Við skulum ekki hafa þetta lesmál mikil lengra, heldur láta myndirnar tala sínu máli. Þetta er rúnturinn að sumrinu til. Hvernig verður hann í vetur? Við skulum bíða og sjá ...









